



Reykjavík, 4. september 2020

Niðurstaða athugunar á útreikningi váttryggingaskuldar og starfssviði tryggingastærðfræðings Varðar trygginga hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Verði tryggingum hf. (félagið) í október 2019. Niðurstaða lá fyrir í apríl 2020.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna hvort starfssvið tryggingastærðfræðings, útreikningur váttryggingaskuldar og framkvæmd mats á váttryggingaskuld hjá félaginu væri í samræmi við 34. tl. 1. mgr. 6. gr., b-lið 4. mgr. 29. gr., 48. gr., 49. gr. og XIV. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Jafnframt III. og IX. kafla í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga sem innleidd var með reglugerð nr. 940/2018 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður.

Við framkvæmd athugunarinnar aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna hjá félaginu, m.a. fundargerða og verkferla, auk þess að taka viðtöl við viðeigandi starfsmenn félagsins svo sem tryggingastærðfræðing, forstjóra, regluvörð, framkvæmdastjóra áhættustýringar og framkvæmdastjóra tjónasviðs.

Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að tilteknir þættir við útreikning váttryggingaskuldar og varðandi starfssvið tryggingastærðfræðings félagsins hefðu ekki verið í fullu samræmi við 48. og 84. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 18., 264. og 265. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35.

Fjármálaeftirlitið gerði því athugasemd við að viðurkenning (skilgreining) á mörkum váttryggingasamnings við mat á váttryggingaskuld hafi ekki legið fyrir m.t.t. áhrifa endurnýjana og samninga með lengri váttryggingavernd eða einfaldana þessara þátta, að val félagsins á aðferðum og undirliggjandi líkönum við mat á váttryggingaskuld hafi ekki verið rökstutt sérstaklega og skjölun við mat á váttryggingaskuld hafi verið ábótavant. Jafnframt var gerð krafa um viðeigandi úrbætur.